



Fornleifaskráning vegna deiliskipulags

Bessastöðum, Heggstaðanesi



Jóhönnuvarða

Bryndís Zoëga

Ágúst 2008

2008/79

Efnisyfirlit

EFNISYFIRLIT	I
LJÓSMYNDASKRÁ	I
INNGANGUR	1
TILGANGUR FORNLEIFASKRÁNINGA OG AÐFERÐIR.....	1
SÖGUÁGRIP	3
FORNLEIFASKRÁNING	4
SAMANTEKT	6
HEIMILDASKRÁ	7
HNITASKRÁ	8

Ljósmyndaskrá

<i>MYND 1. JÓHÖNNUVARÐA. LJÓSM. GSS.</i>	<i>4</i>
<i>MYND 2. FLÚRUVARÐA. LJÓSMYND. BZ.....</i>	<i>4</i>
<i>MYND 3. STELPA. LJÓSMYND GSS.</i>	<i>5</i>
<i>MYND 4. KERLING. LJÓSMYND. GSS.</i>	<i>5</i>

Inngangur

Að beiðni Landforms ehf fyrir hönd Flugfjarskipta ehf. gerði Fornleifadeild Byggðasafns Skagfirðinga fornleifaskráningu vegna deiliskipulags í landi Bessastaða á Heggstaðanesi. Til rannsóknar var afmarkað svæði á hálsinum ofan Bessastaða. Skráning á vettvangi fór fram 9. ágúst 2008. Vettvangsvinna var í höndum Guðmundar St. Sigurðarsonar fornleifafræðinema og Bryndísar Zoëga landfræðings sem einnig vann skýrsluna en umsjón með verkinu hafði Guðný Zoëga, fornleifafræðingur.

Sérstakar þakkir fá heimildamenn okkar, ábúendur á Bessastöðum og Bjarni Þór Einarsson frá Hvammstanga.

Tilgangur fornleifaskráninga og aðferðir

Í Þjóðminjalögum nr. 107/2001 er kveðið á um að stuðla beri að verndun menningarsögulegra minja í eigin umhverfi og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða, að auðvelda eigi aðgang að þeim, kynna þær þjóðinni og greiða fyrir rannsóknum. Í 9. grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem:

[...] hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

- búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
- vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
- gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
- gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
- virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
- gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
- áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum;
- haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið.
- skipsflök eða hlutar úr þeim.

Minjar 100 ára og eldri teljast fornleifar, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar [...].

Samkvæmt lögunum eru allar fornleifar friðhelgar og verndaðar gegn hvers kyns raski. Í 10. grein segir að fornleifum megi enginn „spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema leyfi Fornleifaverndar ríkisins komi til.“ Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar finnast ber að tilkynna það Fornleifavernd ríkisins. Komi fornleifar í ljós við jarðrask skal fresta vinnu á staðnum uns ákvörðun Fornleifaverndar liggur fyrir um hvort og með hvaða skilyrðum framkvæmdir megi halda áfram (sjá 14. gr.).

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að sporna við því að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða að nauðsynjalausu. Fornleifaskráning er forsenda skipulegrar minjavörslu svo sem þegar ákvarðanir eru teknar um aðgerðir til verndar einstökum minjastöðum eða minjasvæðum. Auk þess kemur hún að gagni í rannsóknum og kynningum.

Þeir sem stýra hvers konar framkvæmdum verða að eiga aðgang að yfirliti um fornleifar á framkvæmdasvæðinu, svo unnt sé að taka tillit til minja við skipulagsvinnu og varðveislu sögu staðarins í landslaginu. Einnig má minnka stórlega líkur á að framkvæmdaraðilar rekist í miðjum klíðum á fornleifar, sem þeir gerðu sér ekki grein fyrir að gætu verið fyrir hendi, en reynist nauðsynlegt að rannsaka með tilheyrandi kostnaði og töfum á framkvæmdum. Því er mikilvægt að fornleifaskráning sé gerð með nægilegum fyrirvara áður en framkvæmdir eiga sér stað. Björgunaruppgröftur, sem unninn er vegna framkvæmda og undir þrýstingi vegna þeirra, er engan veginn æskilegur. Hvorki fyrir framkvæmdaaðila né frá sjónarmiði fornleifafræðinnar, og því sameinar fornleifaskráningin hagsmuni beggja.

Aðferð við skráningu

Minjar eru skráðar upp úr heimildum og einnig er talað við staðkunnuga þar sem það er mögulegt. Á vettvangi eru svæði gengin og minjar leitaðar uppi, þeim lýst auk þess sem þær eru teiknaðar upp og ljósmyndaðar.

Jarðirnar eru auðkenndar með heiti jarðarinnar og tveimur númerum. Fyrri númerið t.d. Bessastaðir-1 [Jóhönnuvarða] er hlaupandi númer fornleifa innan jarðarinnar og eru þau notuð til auðkennis minja á kortum og þegar verið er að vísa til einstakra fornleifa í texta í skýrslunni. Seinna númerið er nokkurskonar kennitala fornleifanna [í nefndu tilviki Fvnr.: 10071] þar sem hverri fornleif er gefið einstakt fasta númer innan númerakerfis Fornleifaverndar ríkisins og er sú tala notuð þegar að unnið er með skrána innan minjavörslunnar.

Hlutverk og tegund minja er skráð og lagt er mat á hversu vel þær eru varðveittar og í hversu mikilli hættu þær eru af völdum utanaðkomandi áhrifa, s.s. jarðrækt eða landrofi.

Nákvæm staðsetning minja er gefin upp í skránni við hverja fornleif sem stakt hnit. Minjarnar eru einnig mældar upp á vettvangi með nákvæmu GPS tæki (Trimble ProXrs) sem gefur nákvæmni með undir metra í skekkju. Verkkaupi fær eintak af öllum uppmælingagögnum. Staðsetning minjanna er einnig færð inn á meðfylgjandi loftmyndir frá Loftmyndum ehf. sem Vegagerðin lét í té.

Upplýsingarnar eru skráðar í gagnagrunn og er öllum gögnum skilað inn á stafrænu formi til Fornleifaverndar ríkisins sem hefur yfirumsjón með fornleifum á landinu.

Söguágrip

Um Bessastaði segir í öðru bindi Húnaþings: „Bærinn stendur neðan allhárna mela er loka fyrir útsýni til austurs. Sjávangata er stutt en brött. Beitiland gott. Bessastaðir og Syðri-Bessastaðir eru nytjaðir af sömu ábúendum, mun landstærð alls 14km²“.¹

Elstu ritheimildir

Jarðarinnar er fyrst getið í Auðunarmáldaga 1318 og segir að kirkjan á Stað eigi: „firi Bessastöðum fiordung j hualreka“². Ítak Staðarkirkju í Bessastöðum er einnig nefnt í Máldögum Péturs biskups Nikulássonar frá 1394³ og Ólafs biskups Rögnvaldarsonar 1461.⁴ Aftur kemur jörðin fyrir 1426 þá í lögmannsdómi og um það segir: „Dómr tólf manna útnefndr af Rafni lögmanni Guðmundarsyni geinginn að Þorkelshóli í Víðidal um mál þeirra Jóns Jónssonar og Arnbjarnar Einarssonar; kærði Jón til Arnbjarnar domsróf, að hann hefði leyfislaust búið að eignarjörð sinni Söndum í Miðfirði í tíu ár og hefði einnig leyfislaust bygt jarðir sínar hálfar Aðalból, Bessastaði, Oddstaði og Bálkastaði“.⁵ Í jarðabók Árna og Páls segir um eignarhald jarðar: „Eigandinn kóngl. Majestat, og liggur þessi jörð til Þingeyrarklausturs. Ábúandinn Bjarni Ólafsson“.⁶

Jarðamat

Bessastaðir voru að fornu metnir á 16 hundruð en samkvæmt nýju jarðamati 1861 á 16,3 hundruð.⁷ Í jarðabók Árna og Páls segir: „Jarðardýrleiki xvi hundruð, eftir því sem tvær tíundir hafa goldist til kirkju og fátækra, það lengst menn til muna“.⁸ Jarðamat 1978 var 274þús.⁹

¹ Húnaþing II, bls. 527.

² Íslenskt fornbréfasafn II, bls. 484.

³ Íslenskt fornbréfasafn III, bls. 549.

⁴ Íslenskt fornbréfasafn DI V, bls. 339.

⁵ Íslenskt fornbréfasafn DI IV, bls. 339.

⁶ Jarðabók Árna og Páls VII bindi, bls. 25.

⁷ Ný jarðabók, bls. 97.

⁸ Jarðabók Árna og Páls VIII bindi, bls. 25).

⁹ Húnaþing II, bls. 527.

Fornleifaskráning

Bessastaðir-1

Fvnr. 10071

Sérheiti: Jóhönnuvarða

Hlutverk: Varða

Tegund: Hleðsla

Staðsetning: A: 405254,42 N: 541862,05

Ástand: Sæmilegt, varðan stendur sæmilega en toppur hennar er hruninn

Hætta: Varðan er innan framkvæmdasvæðis og því í mikilli hættu



Mynd 1. Jóhönnuvarða. Ljós. GSS.

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Suður af Grenshól er Sauðholt, ofan við Sjónarhól er Svartbakstjörn og nokkuð sunnar Álftatjörn og þar sunnar Jóhönnuvarða, þar nokkuð suðvestar Flúruvarða“ (ÖB, 1). Varðan er um 15m vestur af merkjagirðingu milli Bessastaða og Sanda.

Lýsing

Varðan er ferhyrnd, nokkuð breið í grunninn en utanmál hennar er 1,2x1,2m. Hæð hennar er um 40sm en hæst um 50sm. Neðri hluti vörðunnar stendur ágætlega en toppur hennar er hruninn.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá Bessastaða. Helgi Guðmundsson frá Tjarnarkoti skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Bessastaðir-2



Mynd 2. Flúruvarða. Ljósmynd. BZ.

Fvnr. 10072

Sérheiti: Flúruvarða

Hlutverk: Varða

Tegund: Hleðsla

Staðsetning: A: 405081,40 N: 541213,84

Ástand: Sæmilegt, neðsti hluti vörðunnar stendur enn en efri hlutinn hruninn

Hætta: Varðan er innan framkvæmdasvæðis og því í mikilli hættu

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Suður af Grenshól er Sauðholt, ofan við Sjónarhól er Svartbakstjörn og nokkuð sunnar Álftatjörn

og þar sunnar Jóhönnuvarða, þar nokkuð suðvestar Flúruvarða“ (ÖB,1).

Lýsing

Flúruvarða er vestast á klapparmel um 670m suðvestur af Jóhönnuvörðu og er hún um 50sm há. Varðan er um 1x1,5m að grunnmáli en töluvert hrunin á norður og vestur hliðum.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá Bessastaða. Helgi Guðmundsson frá Tjarnarkoti skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Bessastaðir-3

Fvnr. 10073

Sérheiti: Stelpa

Hlutverk: Varða

Tegund: Hleðsla

Staðsetning: A: 404877,26

N: 541663,30

Ástand: Sæmilegt, varðan stendur enn en efsti hluti hennar er hruninn

Hætta: Varðan er innan

framkvæmdasvæðis og því í mikilli hættu



Mynd 3. Stelpa. Ljósmynd GSS.

Staðhættir

Varða, sem nefnd er Stelpa, er vestarlega innan framkvæmdasvæðis tæplega 430m vestsuðvestur af Jóhönnuvörðu.

Lýsing

Ferhyrnd varða, 0,75x1m að grunnmáli. Mesta hæð hennar er 40sm til vesturs. Hún er hlaðin úr stóru grjóti neðst en hellugrjóti efst. Efsti hluti hennar er hruninn.

Bessastaðir-4



Mynd 4. Kerling. Ljósmynd. GSS.

Fvnr. 10074

Sérheiti: Kerling

Hlutverk: Varða

Tegund: Hleðsla

Staðsetning: A: 404886,70

N: 541392,99

Ástand: Lélegt, varðan er að mestu hrunin

Hætta: Varðan er innan

framkvæmdasvæðis og því í mikilli hættu

Staðhættir

Rúmlega 260m norðvestur af Flúruvörðu við vesturjaðar rann-

sóknarsvæðis er varða sem kölluð er Kerling.

Lýsing

Varðan er hrunin að mestu en grunnur hennar, neðstu steinarnir, 2-3 steinaraðir, standa enn og eru um 2x2m að grunnmáli. Hún er hæst um 45sm til norðurs en um 15sm til suðurs.

Samantekt

Alls voru fjórar fornleifar skráðar innan rannsóknarsvæðis, allt vörður. Tvær þeirra eru nefndar í örnefnaskrá, Jóhönnuvarða og Flúruvarða en hinar hafa líklega fengið nafn síðar og eru nefndar Stelpa og Kerling af ábúendum á Bessastöðum. Fleiri vörður Karl, Strákur og Niðursetningur eru í vörðuröð, með Stelpu og Kerlingu en voru allar utan skráningarsvæðis. Óvíst er um aldur minjanna en Bjarni Einarsson telur að þær hafi verið hlaðnar í hjásetum í gegnum aldirnar en líklega verið endurhlaðnar og ef til vill fengið ný nöfn með nýjum ábúendum í kringum aldamótin 1900. Sé sýnt að vörðurnar komi til með að verða fyrir raski af völdum framkvæmdanna ber að sækja um leyfi til Fornleifaverndar ríkisins til að fjarlægja þær eða hylja (sbr. 10. gr. Þjóðminjalaga frá 2000).

Fornleifaskráningin tekur til þeirra minja er sjást á yfirborði eða þar sem staðsetning er þekkt út frá heimildum, heimildamönnum, eða öðrum ummerkjum í landslagi. Hins vegar ber að gæta að því að minjar geta einnig leynst neðan jarðar þótt þær sjáist ekki á yfirborði. Þar sem fornleifar koma óvænt í ljós við framkvæmdir ber þegar í stað að stöðva framkvæmdirnar og tilkynna fundinn til Fornleifaverndar ríkisins sem ákvarðar um frekari aðgerðir til björgunar eða verndar minjunnar.

Heimildaskrá

Húnaþing II. Sigurður J. Líndal og Stefán A. Jónsson (ritstj.). Akureyri, 1978.

Íslenzkt fornbréfasafn II, 1253-1350. Hið íslenzka bókmenntafélag, Kaupmannahöfn 1893.

Íslenzkt fornbréfasafn III, 1269-1415. Hið íslenzka bókmenntafélag, Kaupmannahöfn 1896.

Íslenzkt fornbréfasafn IV, 1265-1449. Hið íslenzka bókmenntafélag, Kaupmannahöfn 1897.

Íslenzkt fornbréfasafn V, 1330-1476. Hið íslenzka bókmenntafélag, Kaupmannahöfn og Reykjavík 1899-1902.

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín. Áttunda bindi, Húnavatnssýsla. Kaupmannahöfn 1926.

J. Johnsen. *Jarðatal á Íslandi*, með brauðlýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1855-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu. Kaupmannahöfn 1847.

Ný jarðabók fyrir Ísland, samin eftir tilskipun 27. maímánaðar 1848 og allramildilegast staðfest með tilskipun 1 aprílmánaðar 1861. Gefin út af Jarðabókaútgáfunni. Kaupmannahöfn.

Örnefnaskrá Bessastaða. Helgi Guðmundsson frá Tjarnarkoti skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Fylgiskjöl

Hnitaskrá

Númer	Sérheiti	Hlutverk	Austun	Norðun
10071	Jóhönnuvarða	Varða	405254,42	541862,05
10072	Flúruvarða	Varða	405081,40	541213,84
10073	Stelpa	Varða	404877,26	541663,30
10074	Kerling	Varða	404886,70	541392,99

Bessastaðir

N



Sjónarhóll

Svartbakstjörn

Jóhönnuvörðutjörn

Jóhönnuvarða
10071

Stelpa
10073

Kerling
10074

Flúruvarða
10072



© 2008, Bygðasafn Skagfirðinga

0 100 200 300 400 500
m





Byggðasafn Skagfirðinga
2008